



## SVAR VIÐ FYRIRSPURN

**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

---

### **Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum um íþróttæfingar íþróttafélaga á leikskólatíma gegn greiðslu**

Á fundi skóla- og frístundaráðs, 19. september 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa foreldra barna í leikskólum.

*Í hve mörgum leikskólum borgarinnar bjóða íþróttafélög upp á fótboltaæfingar eða aðrar íþróttæfingar á leikskólatíma gegn greiðslu frá foreldrum/forráðafólki? Í sumum leikskólum er boðið upp á íþróttaskóla endurgjaldslaust á meðan öðrum er boðið upp á æfingar gegn greiðslu þar sem börnin fara af leikskólanum til að æfa. Í einum leikskóla kom þetta tilboð mjög seint en einungis var gefinn vikufrestur til að skrá börnin. Miðað við kostnaðinn sem gefinn var upp, 18.000 kr, þá vakna spurningar um hvort börn af tekjulægri heimilum sitji eftir þar sem börn á leikskólaaldri eiga ekki rétt á frístundastyrk. Einnig þarf að vera skýrt hvað þau börn sem verða eftir á leikskólanum gera á meðan, en svo virðist ekki vera. Það væri gott að fá umræðu þetta mál og hver sé sýn Reykjavíkurborgar á þetta fyrirkomulag.*

### **Svar:**

Ekki liggja fyrir upplýsingar um hversu margir leikskólar bjóða upp á æfingar, fótbolta eða aðrar íþróttgreinar í samvinnu við íþróttafélög gegn greiðslu eða foreldrum að kostnaðarlausu.

Fyrirhugað er að senda til stjórnenda könnun og verður þá meðal annars leitað upplýsinga um þessa þætti. Svör við þessum spurningum verða kynnt þegar niðurstaða úr könnun liggur fyrir.